

Stjórnarfundur nr. 10

28. apríl 2015 kl.19:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Jóna Th. Viðarsdóttir, Herdís Hallmarsdóttir, Guðmundur Guðmundsson, Sóley Möller, Brynja Tomer og Ragnhildur Gísladóttir. Arinbjörn Friðriksson mætti ekki.

1. Skýrsla framkvæmdastjóra HRFÍ

Ég er búin að vera í barneignarfrí í aprílmánuði og hef því minna komið að daglegum rekstri félagsins, þó ég hafi verið í stöðugum tölvusamskiptum. Það og viðbótarsýningar yfir sumartímann hafa skapað auka álag á starfsfólk skrifstofu og því hafa verkefni safnast aðeins upp. Ég kem til fullrar vinnu aftur 1.maí en stefnan var að ég færi aftur í barneignarfrí í júní og ágúst með sama sniði eða þá mánuði sem koma strax eftir sýningar félagsins og eru venjulega rólegastir hjá mér, en til þess að það gangi upp tel ég þörf á að ráða inn sumarstarfsmann í 50% starf í júní, júlí og ágúst til að létta á skrifstofu og ljúka uppsöfnuðum verkefnum og mun ég fara í það strax í byrjun maí að leita af slíkum starfsmanni.

Skráning á tvöföldu meistarastigsýninguna var eins og áætlanir gerðu ráð fyrir, en 560 hundar eru skráðir hvorn dag. Endaleg tala kemur í ljós á næstu dögum, en ennþá er verið að vinna úr umskráningum og gotskráningum. Reikna má að því með að tæplega 1150 skráningar séu samtals á báðar sýningar. Fjórir erlendir dómara koma til með að dæma á sýningunni ásamt þremur ísl.dómurum, þeim Sóley Möller, Viktoríu Jensdóttur og Sóley Rögnu Ragnarsdóttir.

Ég fór með bókhald Ra ehf til endurskoðandans í lok mars sl. og bókhald HRFÍ þann 15.apríl. Ég fékk þau svör í gær að hann stefndi á að klára þetta í lok þessara viku eða byrjun næstu og mun ég að sjálfsögðu áframsenda á stjórn um leið og eitthvað liggur fyrir.

2. Ársfundir ræktunardeilda og ársskýrslur

Ábending til stjórnar deilda, svo samræmi sé milli ræktunarstefnu og reglna HRFÍ. Ræktunardeildir geta aldrei gengið lengra en reglugerð um skráningu í ættbók.

3. Skýrslur frá fastanefndum

4. Stefnumörkun - vinna í nefndum

5. Kynningarfundir með stjórnnum ræktunardeilda.

Fjórir fundir áætlaðir strax eftir aðalfund, framkvæmdastjóra gert að finna dagsetningar.

6. Erindi frá Yorkshire terrierdeild – tölvupóstur 6. Apríl

7. Erindi frá papillon- og phaléneideild – tölvupóstur 13. apríl

Erindið sent samdægurs til vísindanefndar HRFÍ

Ágæta stjórn.

Erindi þetta óskast tekið til afgreiðslu á næsta fundi stjórnar HRFÍ.

Á aðalfundi Papillon-og phaléneideildar var samþykkt að fara þess á leit við stjórn HRFÍ að breyta reglum deildarinnar um skilyrði til ættbókarfærslu á eftirfarandi hátt:

Gildistími augnvottorða verði 18 mánuðir í stað 12 mánaða.

Rökin fyrir því eru þau, að nú þegar mikill hluti stofnsins er kominn með DNA greiningu á PRA 1 og eru frír eða frír vegna foreldra teljum við óhætt ætti að vera að lengja gildistíma augnvottorða. Engir aðrir augnsjúkdómar herja á tegundina svo nokkru nemi. Ræktendur hafa sýnt mikla ábyrgð við að ná markmiðunum, sem eru auðvitað að rækta heilbrigða hunda.

Tilvitnun í ársskýrslu deildarinnar, sem hefur verið send til stjórnar HRFÍ.

„Augnskoðaðir hundar á árinu 2014 voru 32 og kom ekkert alvarlegt í ljós.

Á árinu bárust deildinni 19 vottorð um DNA próf fyrir PRA1. Það er talsverð fjölgun á milli ára en vottorðin voru 37 fyrir ári síðan og eru því samtals 56. Afkvæmi hunda sem hafa verið DNA prófaðir og eru frír (N/C/P) eru 123 talsins (voru 59 fyrir ári), og muni þeir hundar ekki þurfa að fara í DNA próf ef þeir koma til ræktunar.

Tveir berar (hundar sem bera gen fyrir PRA1) greindust á árinu en enginn greindist sýktur. Samtals hafa sex berar og einn sýktur hundur (sá hafði verið greindur í venjulegri augnskoðun) greinst frá upphafi DNA prófana, en það er sem betur fer lítil fjölgun frá því á síðasta ári. Virðist okkur sem mikill árangur sé þegar greinanlegur af þessari sýnatöku og hjálpar ræktendum mjög við að forðast ræktun frá þeim hundum sem greinast.”

Lagt er til að reglan taki gildi 1.júní 2015.

Einnig er farið fram á orðalagsbreytinu á reglunni um DNA sýnatökur.

Í stað :

„Sýnataka þarf að fara fram hjá dýralækni eða stjórn deildarinnar, sem ber þá ábyrgð á framkvæmd sýnatöku og að örmerkjaaflestur sé réttur.”

Komi : „Sýnataka má fara fram hjá dýralæknum eða fulltrúa stjórnar, sem ber þá ábyrgð á framkvæmd sýnatöku og að örmerkjaaflestur sé réttur.”

Svar vísindanefndar:

Vísindanefnd hefur fengið til umsagnar erindi til stjórnar HRFÍ frá papillion- og phaléneideild dagsett 12. apríl 2015 þar sem þess er óskað að gildistími augnvottorða verði lengdur úr 12 mánuðum í 18. Vísindanefnd sem fjallaði um erindið með tölvusamskiptum hefur ekkert við þessa breytingu að athuga og styður að hún verði gerð.

Niðurstaða stjórnar:

Samþykkt

Breyting á orðalagi á reglunni verður: Sýnataka þarf að fara fram hjá dýralæknum eða hjá fulltrúa stjórnar, sem ber þá ábyrgð á framkvæmd sýnatöku og að örmerkjaaflestur sé réttur.”

8. Erindi frá schäferdeild – umsókn um sýningu – tölvupóstur 15.apríl .

Erindið sent á sýningarstjórn samdægurs – svar 21. apríl.

Stjórn HRFI óskar eftir nánari upplýsingar um hvaðan talan um leigu á höllinni kom, bendir á að dagpeninga dómara eru ekki réttir og fá upplýsingar um hvaðan þessi styrkur kemur. Eins væri gott að vita hvort deildin eigi einhvern varasjóð til að tékka tap ef það verður. Samþykkt að því gefnu að viðauðandi svör fáiast.

9. Kaup á teppum fyrir sýningar í reiðhöllinni Víðidal.

Samþykkt að taka tilboði Litavers.

10. Amerísk cocker spanieldeild – umsókn um deildarsýningu- tölvup. 16 og 23. mars

frestað á stjórnarfundum 31. mars – til umsagnar hjá sýningastjórn

Umsókn sýningastjórnar:

Sýningastjórn hefur farið yfir umsókn Am.cocker deildar um að breyta væntanlegri opni sýningu í meistarastigssýningu. Hefur þessu umsókn verið að veltast lengi innan nefndarinnar og biðjumst við velvirðingar á því, en mikill vilji var hjá nefndinni að finna þessari sýningu grundvöll.

Okkur reynist hinsvegar nánast ómögulegt að samþykka sýningu sem er ekki komin með með fasta dagsetningu, en í umsókninni stendur aðeins júlí-ágúst.

Jafnframt setjum við spurningamerki við að hafa deildarsýningu með dómara sem er jafn tengdur einum ræktanda eins og Michael Kristiansen er, en hann hefur verið í miklum tengslum við einn af stærri ræktendum tegundarinnar hér á landi í fjölda ára og það má reikna með að mikið af hans eigin línu yrðu á sýningunni.

Í umsókninni er jafnframt talað um að ná inn 40 skráðum hundum, en sem dæmi eru aðeins 5-6 am.cocker hundar skráðir á sýninguna í lok maí og því teljum við þennan mikla fjölda á deildarsýningu vera ansi mikla bjartsýni, en þau reikna með að skráðir verði margir niðurklíptir hundar. Samkvæmt okkar skilning yrði dómari að gefa niðurklíptum hundum dóminn "Ekki hægt að dæma" og við setjum spurningamerki við að hátt í 30 hundaeigendur kjósi að eyða 4950 kr til þess að fá þann dóm.

Ef hugmyndin er aðeins að taka út stofninn, teljum við að eðlilegt sé að stjórn Am.cockerdeildar haldi sig við upphaflegu áætlunina og hafi sýninguna opna sýningu, án meistarastiga og styðjum við þann viðburð heilshugar.

Að fenginni umsókn sýningastjórnar mælist stjórn með að deildin haldi sig við upphaflega áætlun um opna sýningu, en getur ekki fallist á að skilyrði séu til að samþykka meistarastigssýningu. Með því að hafa sýninguna opna þarf sýningin ekki að fara í gegnum skrifstofu félagsins og því er hægt að halda kostnaði í lágmarki og jafnvel skráningagiöld lægri.

11. FCI General Assembly og FCI Europe Section meeting.

Kostnaður er áætlaður um 190.000.- þar er breytingargjald á flugi sem framkvæmdastjóri og formaður eiga bókað nú þegar á eigin vegum, plús gisting í fjóra daga á hóteli. Samþykkt af meirihluta, Brynja bókar mótmæli.

12. Umsókn um dómara réttindi Sporaprófsdómara – tölvupóstur frá vinnuhundadeild 27.apríl

Málinu vísað aftur til Vinnuhundadeildar, þar sem aðilinn er ekki félagsmaður í HRFI.

13. Aðalfundur 26. Maí - Radison Blu kl.20.00

14. Réttindi hundaeiganda - tölvupóstur 27.april

Til stjórnar HRFÍ

Undirritaður hefur verið talsmaður þess að stofna Samtök Hundaeigenda.

Það kemur ekki til af góðu. Réttindi hundaeigenda á Íslandi eru í samanburði við Evrópu ekki búin að þokast fram á við svo neinu nemur undanfarinn áratug. Það vantar félag hér á landi sem berst fyrir því að hundaeigendur megi ferðast hvert sem er innanlands með hundana sína, megi fara með þá inn í verslanir og veitingastaði og opinberar stofnanir eins og sjálfsagt þykir annarsstaðar í Evrópu. Hvert sem farið er á Ítalíu, Spáni eða annarsstaðar má sjá fólk ganga um með sína hunda inn og út úr veitingastöðum, matvöruverslunum og í raun hvert sem leið þeirra liggur. Eins og staðan er í dag er ekkert félag sem berst fyrir þessum sjálfsögðu réttindum hér á landi. Fjöldi hundaeigenda hefur aldrei verið meiri en réttindin aldrei minni.

Botninum var náð með banninu sem Akureyrarbær setti í Grímsey þar sem óheimilt er að fara með hunda til Grímseyjar, hvort sem það eru björgunarhundur, leitarhundur eða blindrahundur. Undirritaður býður endanlegrar niðurstöðu Umboðsmanns Alþingsi í því máli sem vænta má innan skamms.

Það er full þörf á að stofna Samtök Hundaeigenda í einu eða öðru formi. HRFÍ hefur minna en ekkert lagt af mörkum í almennum réttindum hundaeigenda árum saman. Félagið virðist fyrst og fremst snúast um ræktun og hundasýningar og sýndarmennsku sem því fylgir. Fyrir hinn almenna hundaeigenda er því ekkert í HRFÍ að sækja þó við hjónin höfum látið okkur hafa það að vera félagsmenn.

Undirritaður mælist til að stjórn HRFÍ geri annað af tvennu ef ekki hvorutveggja. 1. Breyti áherslum félagsins og fari að berjast fyrir almennum og sjálfsögðum réttindum hunda og hundaeigenda. 2. Stofni deild innan HRFÍ sem er óháð sýningarþörf og ræktun og sinnir áður nefndum baráttumálum.

HRFÍ er eflaust ekki alslæmt félag þó það hafi reynst gagnlaust hvað mikilvægustu réttindi hunda og hundaeigenda varðar. Það er því von mín að stjórn HRFÍ rífi sig upp og fari að huga að því sem skiptir raunverulegu máli. Að hundaeigendur geti gengið frjálssir með sinn hund í samfélaginu og komi ekki allsstaðar að lokuðum dyrum. Samtök Hundaeigenda munu verða að raunveruleika fyrr eða síðar hvort sem það verður sem deild innan HRFÍ eða óháð félag.

Erindi móttakið, við þökkum góðar ábendingar. Stjórn er að fylgja eftir stefnumörkum félagsins og hefur nýlega stofnað vinnuhópa sem vinna eftir stefnumörkun félagsins og einn af þeim hópum er vinnuhópur um samskipti við opinbera aðila og mun sá hópur verða í samskiptum við opinbera aðila.

15. Slæmt umtal Siberian Husky

Ákveðið að framkvæmdastjóri mundi kanna hvort stjórn Huskydeildar hafi eitthvað rætt við eigendur hunda á Langholtsveginum eftir umræðu á fundi með framkvæmdastjóra og formanni fyrr á árinu.

16. Kosning á aðalfundi – tölvupóstur 15.apríl

Við undirrituð skorum á stjórn HRFÍ að gera stjórnarkjör hjá HRFÍ aðgengilegt fyrir fólk úti á landi. Það eru mörg félög sem leyfa rafræna kosningu eða í gegnum síma.

Það er óeðlilegt að félagar í félagi sem er landsfélag sitji ekki allir við sama borð í sambandi við stjórnarkosningu og kosningu á formanni félagsins

Steindór V. Sigurjónsson

Kristjana Jónsdóttir,

Marianna Magnúsdóttir

Rita Hvönn Traustadóttir

Sigrún Herdísardóttir

Jarþrúður Hólmús Júlíusdóttir

Jónas Þorsteinsson

Eyrún Arnardóttir

Varðandi áskorun ykkar um rafræna kosningu eða í síma þá er eftirfarandi í 3ja kafla í lögum HRFÍ um aðalfundi:

9. Félagsfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Ekki má greiða atkvæði samkvæmt umboði. Atkvæðagreiðsla fer fram með handauppréttingu. Við kosningar á milli manna skal atkvæðagreiðsla vera skrifleg, fari einhver fundarmanna fram á það. Atkvæðagreiðsla um önnur mál getur verið skrifleg, fari einhver fundarmanna fram á það og fundarstjóri samþykkir.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn í kosningum á milli manna, skal varpa hlutkesti þannig að úrslit fáiast.

Þannig leyfa lög félagsins ekki það sem þið biðjið um. Árin 2012 og 2013 hélt stjórn Svæðafélags Norðurlands utan um aðalfund með fjarfundabúnaði. Í fyrra kaus svæðafélagið hins vegar ekki að nýta sér þessa lausn. Með stofnun svæðafélaga í fleiri landshlutum væri hægt að koma við fjarfundabúnaði við ýmsa viðburði í félaginu þ.á.m. kosningu á aðalfundum. Ég hvet ykkur því eindregið til að kanna áhuga félagsmanna á stofnun Svæðafélags Austurlands og í því sambandi ættuð þið að kynna ykkur regur á vefsíðu HRFÍ um svæðafélög. Stofnun svæðafélags þarf ekki að fara fyrir aðalfund heldur er það stjórn HRFÍ sem veitir heimild til stofnunar svæðafélags.

17. Varðar kosningar – tölvupóstur 28.apríl

Sæl verið þið.

Þar sem ég verð ekki á landinu þegar aðalfundur HRFÍ verður haldinn langar mig að vita hvort ég geti ekki mætt á skrifstofu HRFÍ og kosið fyrirfram?

Í þriðja kafla 9. grein í lögum HRFÍ er eftirfarandi:

Félagsfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Ekki má greiða atkvæði samkvæmt umboði. Atkvæðagreiðsla fer fram með handauppréttingu. Við kosningar á milli manna skal atkvæðagreiðsla vera skrifleg, fari einhver fundarmanna fram á það. Atkvæðagreiðsla um önnur mál getur verið skrifleg, fari einhver fundarmanna fram á það og fundarstjóri samþykkir. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn í kosningum á milli manna, skal varpa hlutkesti þannig að úrslit fáiast.

Eins og löggin eru núna getum við því miður ekki orðið við beiðni þinni.

18. Meðmæli til dómaraááms - tölvupóstur 27.apríl

Erindi sent til dómaraááds, samþykkt ef dómaraááð gerir enga athugasemd.

19. Önnur mál

Stjórn HRFI sér ástæðu til þess að beina þeim óskum til stjórna deilda að þær mæli ekki með einum frambjóðenda umfram annan á vefsíðum deildana.

Fundi slitið kl.22.00

Næsti fundur áætlaður 20.maí kl.17.30